



Fundargerð

38. fundur framtíðarnefndar Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
8. febrúar 2023, kl. 08:15

Viðstaddir: Íris Ósk Ólafsdóttir formaður, Guðni Ívar Guðmundsson, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir, Hafsteinn Hjartarson.

Þórunna Kristín Jónsdóttir boðaði forföll og sat Hafsteinn Hjartarson fundinn í hennar stað. Aneta Grabowska boðaði forföll en boðaði ekki varamann. Jón Helgason boðaði forföll og sat Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir fundinn í hans stað.

Að auki sátu fundinn Silja Kolbrún Skúladóttir fulltrúi ungmennaráðs og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Íbúalýðræði - stefnumótun (2022100234)

Valgerður Björk Pálsdóttir doktorsnemi í stjórnmálafræði mætti á fundinn og fór yfir upplýsingar varðandi almenningssamráð og íbúalýðræði.

Framtíðarnefnd þakkar fyrir mjög góða kynningu á íbúalýðræði og upplýsingagjöf sem mun nýtast nefndinni í þeirri stefnumótavinnu sem framundan er.

2. Markaðsstefna Reykjaneshæjar - drög til umsagnar (2021110284)

Menningar- og atvinnuráð óskar eftir umsögn ráða og nefnda Reykjaneshæjar um drög að markaðsstefnu Reykjaneshæjar.

Framtíðarnefnd fagnar framkominni markaðsstefnu en nefndin bendir jafnframt á mikilvægi þess að markaðsstarfið sé unnið jafnt og þétt og alltaf í gangi. Framtíðarnefnd saknar þess að íþróttir séu hluti af þeim áherslum sem teknar verða áfram. Jafnframt vill nefndin benda á að þó niðurstaðan sé að Reykjaneshæjar sé ekki talinn áfangastaður þá mætti breyta því með góðu markaðsstarfi. Nefndin telur að markaðsstarfið sé kjarnastarf í upplýsingagjöf til íbúa og fyrirtækja og mikilvægt að það sé tekið inn í íbúalýðræðisstefnuvinnuna. Framtíðarnefnd óskar eftir að fá að fylgjast með framkvæmd og framvindu stefnunnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:06.